



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2019
Tilvísun: 2019010031/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum, 165. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 28. október 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar þeirri hugmynd að vinna að því að fræðsla um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum verði markviss auk þess að vinna að því að fjármagna það verkefni. Barnaverndarstofa tekur undir það sem kemur fram í tillögunni varðandi mikilvægi þess að vinna að því að framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir og þá einna helst samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi, Istanbúlsamningurinn. Stofan tekur undir mikilvægi þess að fræðsla og forvarnir séu í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni og í samræmi við þær aðferðir sem viðurkenndar eru í þeim efnum og rannsóknir hafa sýnt fram á að virki sem skyldi. Í þeim efnum horfir stofan til þess að fræðslan sé ekki aðeins byggð á persónulegum upplifunum.

Þær hugmyndir sem settar eru fram í tillögunni eru einnig í fullu samræmi við 1. mgr. 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þar kemur fram að aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

Að mati stofunnar eru fræðsla og forvarnir einnig liður í því að ná eyrum bæði þeirra sem gætu sýnt af sér óeðlilega kynferðislega hegðun og þolenda sem verða fyrir slíkri hegðun. Hvað framangreint varðar er það mat stofunnar að mikilvægt sé að skoða í þessu samhengi hvaða áhrif klámvæðing og klám áhorf hefur í þessum efnum og þær forvarnir sem unnt er að beita hvað það varðar auk fræðslu um þann þátt.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur